

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2010

Við sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru 29. maí 2010 voru sveitarfélögin samtals 76 að tölu og hafði þeim fækkað um þrjú frá kosningunum 2006 vegna sameininga sveitarfélaga á kjörtímabilinu. Á kjörtímabilinu 2002–2006 fækkaði sveitarfélögum aftur á móti um 26, úr 105 í 79.

Kosningabátttaka

Á kjörskrá voru nú samtals 224.744 kjósendur. Atkvæði greiddu 165.248 eða 73,5%. Er það um 5 prósentustigum lakari kjörsókn en í kosningunum 2006. Auðir og ógildir seðlar voru nú 10.349 en voru 4.085 í kosningunum 2006. Í þeim sveitarfélögum þar sem bundin hlutfallskosning fór fram var kosningabátttakan mest í Kjósarhreppi 93,7% og í Mýrdalshreppi 93,2% og minnst í Hafnarfjarðarkaupstað 65,0%. Þar sem kosningin var óbundin var kosningabátttakan mest í Eyja- og Miklaholtshreppi 92,8% en minnst í Skorradalshreppi 52,4%.

Fjöldi kjörinna sveitarstjórnarmanna

Í kosningunum nú voru kjörnir 512 aðalmenn í sveitarstjórnir en þeir voru 529 í kosningunum 2006. Kjörnum sveitarstjórnarmönnum fækkaði því um 17 vegna sameininga sveitarfélaga og fækkunar sveitarstjórnarmanna í tveimur sveitarfélögum.

Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir kyni

Alls voru 2.846 einstaklingar í framboði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sem er um 1,2% kjörgengra manna í landinu. Karlar voru 53,2% þeirra sem voru í framboði en konur 46,8%. Ef aðeins er litið til þriggja efstu sæta á framboðslistum kemur í ljós að konur voru í 24,9% tilvika í fyrsta sæti á móti 75,1% karla, konur voru í 62,2% tilvika í öðru sæti en karlar í 37,8%. Ef skoðað er hlutfall kvenna og karla í fjórum efstu sætum allra framboðslista kemur í ljós að karlar skipa 55% þessara sæta en hlutfall kvenna er 45%. Við kosningarnar árið 2006 voru karlar í framboði 56% en konur 44%.

Konur í sveitarstjórnnum eru nú 204 eða 39,8% en karlar 308 eða 60,2%. Í kosningunum 2006 voru konur í sveitarstjórnnum 189 eða 35,7% en karlar 340 eða 64,3%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda kvenna í sveitarstjórnnum, hlutfall þeirra af heildarfulltrúafjölda og fjölda sveitarfélaga þar sem konur eiga engan fulltrúa í sveitarstjórn:

Kosningar	Fjöldi kvenna	Hlutfall af heildarfulltrfj.	Fjöldi svstj. þar sem er engin kona
2010	204	39,8%	1
2006	189	35,7%	5
2002	205	31,2%	9
1998	213	28,2%	15
1994	243	24,8%	32
1990	243	21,8%	58
1986	225	19,2%	81
1982	148	12,4%	113

Konur eru í meirihluta í 16 sveitarstjórnnum en árið 2006 voru konur í meirihluta í 11 sveitarstjórnnum. Í einu sveitarfélagi er engin kona aðalmaður í sveitarstjórn en sveitarstjórnir með engri konu sem fulltrúa voru 5 eftir kosningarnar 2006.

Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir formi kosninga

Í sveitarstjórnarkosningunum fór fram óbundið persónukjör í 18 sveitarfélögum, í fjórum sveitarfélögum var sjálfkjörið en í 54 sveitarfélögum fór fram hlutbundin listakosning, þar sem í boði voru 185 listar og fengu 168 þeirra einn eða fleiri fulltrúa kjörna. Í kosningunum árið 2006 voru framboðslistar 170 í 58 sveitarfélögum. Framboðslistar í sveitarfélögum voru frá einum til átta, þar sem þeir voru flestir, þ.e. í Reykjavíkurborg.

Af þeim 512 fulltrúum sem kjörnir voru bundinni kosningu voru 20 sjálfkjörnir í þeim fjórum sveitarfélögum þar sem aðeins kom fram einn listi.

Kjörnir fulltrúar skiptast þannig eftir formi kosninga:

	2010	2006	2002	1998	1994	1990	1986	1982	1978
Bundin hlutfallskosning	418	436	466	432	518	516	518	533	474
Óbundin kosning	94	93	191	294	463	600	662	659	698
Kjörnir fulltrúar alls	512	529	657	756	981	1.116	1.180	1.192	1.172

Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir stjórnmálaflokkum

Eins og endranær er ekki einfalt að kortleggja hið pólitíska landslag að loknum sveitarstjórnarkosningum. Við kosningarnar 2010 var þó nokkuð um óháð framboð og samstarf hinna ýmsu flokka, fylkinga og óháðra. Þá fór fram óbundið persónukjör í 18 sveitarfélögum, eins og áður hefur komið fram, og verða sveitarstjórnarmenn sem kosnir eru þannig ekki markaðir ákveðnum stjórnmálaflokkum, þó ljóst sé að margir þeirra eru félagar í stjórnmálaflokkunum. Stjórnmálaflokkar og stjórnmálafélög eiga jafnframt aðild að framboðum sem merkt eru öðrum listabókstöfum en flokkarnir nota á landsvísu. Þá eru einnig dæmi um það nú sem áður að boðnir eru fram listar undir listabókstaf flokks án þess að framboðin séu sérstaklega tengd viðkomandi flokki frekar en öðrum. Dæmi um það eru S-listi Bæjarmálafélagsins Samstöðu í Vesturbyggð; B-listi Framfarasinna í Mýrdalshreppi; Framfarasinna í Sveitarfélaginu Ölfusi undir listabókstafnum B; F-listinn í Súðavíkurbreppi og F-listinn í Eyjafjarðarsveit; og V-listi Vestmannaeyjalistans í Vestmannaeyjabæ.

Framsóknarflokkurinn eða framsóknarmenn buðu fram B-lista í 27 sveitarfélögum, ýmist sem hreina flokkslista eða í samstarfi við óháða eða framfararsinna í 5 sveitarfélögum. Sjálfstæðisflokkurinn eða sjálfstæðismenn buðu fram D-lista í 36 sveitarfélögum, í flestum tilvikum hreina flokkslista en í 7 sveitarfélögum í samvinnu við óháða. Samfylkingin var með framboðslista í 21 sveitarfélagi, þar af í fjórum tilvikum í samstarfi við óháða eða félagshyggjufólk. V-listar Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs voru boðnir fram í 16 sveitarfélögum – í tveimur tilvikum í samstarfi við óháða. F-listi Frjálslynda flokksins var boðinn fram í þremur sveitarfélögum.

Framboðslistar sem með góðu móti verða eignaðir stjórnmálaflokkunum eru 103 en aðrir framboðslistar 82. Alls voru 398 sveitarstjórnarmenn kjörnir við hlutbundnar listakosningar og í töflu 1 eru þeir greindir niður á framboðslista og sýndur samanburður við kosningarnar 2006. Rétt er að geta þess að hlutfall fulltrúa er reiknað af heildarfjölda sveitarstjórnarmanna (512).

Ýmis álitamál kunna að vakna varðandi þessa samantekt um skiptingu kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir stjórnmálaflokkum. Á henni verður því að hafa fyrirvara.

Tafla 1

	2010				2006			
	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.
B-listar Framsóknarflokks	46	9,0%	14.294	9,3%	45	8,5%	15.994	9,7%
D-listar Sjálfstæðisflokks	117	22,9%	52.587	34,4%	130	24,6%	66.170	40,3%
S-listar Samfylkingarinnar	42	8,2%	27.775	18,1%	35	6,6%	36.112	22,0%
V-listar Vinstri-grænna	15	2,9%	11.013	7,2%	14	2,6%	15.849	9,7%
Æ-listi Besta flokksins	6	1,2%	20.666	13,5%	0	0,0%	0	0
Aðrir listar	172	33,6%	26.735	17,5%	202	38,2%	29.944	18,3%
Samtals bundin hlutfallsk.	398	77,7%	153.070	100,0%	426	80,5%	164.069	100,0%

Í töflum 2–4 eru niðurstöður bundinna hlutfallskosninga greindar niður á einstök kjörsvæði samkvæmt lögum sambandsins.

Tafla 2

	Reykjavík				Suðvesturkjördæmi			
	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.
B-listar Framsóknarflokks	0	0,0%	1.629	2,7%	2	3,6%	2.765	7,7%
D-listar Sjálfstæðisflokks	5	33,3%	20.006	33,6%	27	49,1%	14.811	41,1%
S-listar Samfylkingarinnar	3	20,0%	11.344	19,1%	11	20,0%	9.689	26,9%
V-listar Vinstri-grænna	1	6,7%	4.255	7,1%	3	5,5%	3.217	8,9%
Æ-listi Besta flokksins	6	40,0%	20.666	34,7%	0	0,0%	0	0,0%
Aðrir listar	0	0,0%	1.623	2,7%	12	21,8%	5.571	15,5%
Samtals bundin hlutfallsk.	15	100,0%	59.523	100,0%	55	100,0%	36.053	100,0%

Tafla 3

	Norðvesturkjördæmi				Norðausturkjördæmi			
	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.
B-listar Framsóknarflokks	11	6,4%	2.519	17,8%	19	13,7%	3.767	19,4%
D-listar Sjálfstæðisflokks	33	19,3%	4.625	32,7%	16	11,5%	3.536	18,2%
S-listar Samfylkingarinnar	11	6,4%	1.894	13,4%	6	4,3%	1.537	7,9%
V-listar Vinstri-grænna	6	3,5%	1.281	9,0%	3	2,2%	1.293	6,7%
Æ-listi Besta flokksins	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Aðrir listar	48	28,1%	3.843	27,1%	48	34,5%	9.308	47,9%
Samtals bundin hlutfallsk.	109	63,7%	14.162	100,0%	92	66,2%	19.441	100,0%

Tafla 4

	Suðurlkjördæmi			
	Fltr.	Hlutfall fltr.	Atkvæði	Hlutfall atkv.
B-listar Framsóknarflokks	14	10,6%	3.614	15,1%
D-listar Sjálfstæðisflokks	36	27,3%	9.609	40,2%
S-listar Samfylkingarinnar	11	8,3%	3.311	13,9%
V-listar Vinstri-grænna	2	1,5%	967	4,0%
Æ-listi Besta flokksins	0	0,0%	0	0,0%
Aðrir listar	64	48,5%	6.390	26,7%
Samtals bundin hlutfallsk.	127	96,2%	23.891	100,0%

Sveitarstjórnir flokkaðar eftir tölu kjörinna sveitarstjórnarmanna

Í töflunni hér á eftir er sýndur fulltrúafjöldi karla og kvenna eftir fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Samanburður er við niðurstöður kosninganna 2006.

Fulltrúar	Íbúafjöldi	Sveitarfélög		Karlar		Konur		Samtals	
		2010	2006	2010	2006	2010	2006	2010	2006
15	118.427	1	1	8	9	7	6	15	15
11	87.830	4	5	27	35	17	20	44	55
9	39.055	9	8	51	48	30	24	81	72
7	63.194	31	32	125	136	92	88	217	224
* 5	9.087	31	32	97	109	58	51	155	160
3	0	0	1	0	3	0	0	0	3
Samtals	317.593	76	79	308	340	204	189	512	529